

Skarðsdalur



Gamli bærinn í Skarðsdal

Sá bær er framan við mynni dals þess er vestur gengur í hálendið yst úr Siglufjarðardal; skilur hann Siglufjarðar- og Úlfsdalafjöll er þó ná saman fyrir botni hans með hrygg mjóum. Yfir hann er hin helsta þjóðleið til Siglufjarðar (úr Fljótum) um skarð það er því nefnist Siglufjarðarskarð (1), dalurinn Skarðsdalur (2) og bærinn eftir honum. Stóð hann suður við á þá er nefnst mun hafa Skarðsdalsá (3) þó Leyningsá (4) kallist nú. Er hún aðalá dalsins og fellur syðst fram úr mynni hans, en önnur utar. Ganga hæðir nokkrar fram úr dalnum milli þeirra er nefnast Skarðsdalshryggir (5). Var byggðin suðaustan hæðanna og stóð ekki hátt; mun hún frá elstu tíð og sér þar nokkuð til fornra garða um tún meðalstórt, gott og grösugt. Lönd hefir býli þetta átt utan hinnar syðri ár, þar með mestan hlut Skarðsdals og nokkuð

út fyrir mynni hans. Eru haglönd góð á dalnum og engi nokkur hið neðra í norðurhlíð hans. Kemur þaðan ytri áin, nefnd Grísará (6), en allt út frá henni neðan við dalmynnið eru samfelld engi, slétt og fögur. Nefnist þar út til merkja Skarðsdalsengi (7). Engi eru og niður frá bæ, nefnast þar innst Skarðsdalseyrar (8) en utar Skarðsdalsmýrar (9). Garður mikill og forn hefir verið þvert yfir mynni dalsins nokkurn spöl upp frá bæ er nefnst hefir Skarðsdalsgarður (10). Hefir búfénaður verið hafður ofan hans og friðuð engi Skarðsdals og Ness. Er glöggt á honum hlið vegarins.


Hér var svo annar bær reistur nokkuð utar, fremst á enda hæðanna. Hefir það svo orðið aðalbýlið og nefnst Skarðsdalur (ytri). Er þar útsýn góð og fannlög minni, túnefni þó verra og allmislent. Hefir þessi breyting orðið fyrir 1650 og máski nokkuð fyrr reist hið nýja býli. Svo var þó búið á hinu gamla býli meirihlut 17. aldar og máski alltaf, en taldist þá hjáleiga og nefndist Skarðsdalskot (11). Hést þar jafnan ábúð síðan; varð sjálfstætt býli með tún sitt allt og engi fráskilin enda séreign að síðustu þótt hagar væru sameign. Var selt kaupstaðnum 192[4]¹ og fór bráðlega í auðn. Ekki eru örnefni nú kunn nálægt bæ þessum utan steinn út og niður á túni, nefndur Gægir (12), og sunnan við bæinn Dagsláttu (13). Er í henni einn þeirra mörgu bletta hér sem enginn þorir að nytja. Jafnan hefir ytra býlið haft meirihlut engja og landsnytja, þar er og tún orðið allmikið ummáls. Hafa að því stutt hjáleigur tvær er byggðust út frá því. Var önnur þeirra reist um 1680 allmikið upp frá bæ, nefnd Háagerði (14) og stóð til 1697. Hin



Grafargerði

litlir. Hefir hann frá fyrstu staðið á þeim syðri en er nýlega færður á hinn ytri. Sunnan bæjarstæðis er stór steinn stakur, nefndur *Steinkerling* (16), en út og niður frá bæ þríhyrnd túnspilda milli gamalla slóða, nefnd *Bóndateigur* (17). Skammt ofan bæjarstæðis er *Hesthúshóll* (18); var þar síðast fjós en ofar og sunnan við túnið er *Kvíahóll* (19) hár og mikill. Norðvestur frá honum er tún Háagerðis, tveir hólar með nær sléttum túnröðli á milli, nú efst af túni; er hinn syðri hærrí og hefir þar líklega býlið verið en síðar fjárhús. Niður frá honum er hólaröðull, tveir hólar með tóftum, nefnast *Miðgerði* (20) og *Neðstagerði* (21). Er það út og upp frá bæ, en keldusund þar þvert um túnið og upp tveim megin þessa röðuls. Niður frá ytri hól Háagerðis er og hinn þriðji og ysti röðull, einnig tveir hólar, með tóftum; hinn efri stór, lítt ræktaður, nefndur *Bergsgerði* (22), var Bergur sá hér á parti 1857-93; hinn neðri lítill, nefndur *Þórðargerði* (23).

Norðan þessa röðuls, en sunnan Grísarár, sem hér fellur út frá túni, liggur hinn kunní *Skarðsvegur* (24) upp til Skarðsdalshryggja og dalsins. Var norðan hans við ána en út og niður frá Þórðargerði melhóll lítill – nú mjög brotinn til vegagjörðar – nefndur *Fiskholt* (25). Sunnan hins gamla vegar ofan við tún Háagerðis var áður títt að á í grösugri dæl er því nefndist *Höfðingjalaut* (26). Þar skammt ofar, norðanvert á Skarðsdalshryggjum, nefnist *Sjónarhóll* (27). Neðst í Skarðsdalsmýrum, niður frá bæ, er holt eitt lítið nefnt *Kjóaholt* (28). Norðan Grísarár, gegnt bænum, nefndist syðsti hluti Skarðsdalsengis *Neðri-Kottunga* (29). Hafði Skarðsdalskot lengi þann hlut engisins. Nokkur smáholt eru þar og utar í enginu, nefnist eitt hið ysta þeirra

Sjónarhóll
(gamli Skarðsvegurinn sést greinilega)




Snókur og Skjöldur

Haraldarholt (30). Hafði Haraldur nokkur þar búskap um sinn.

Norðan við mynni Skarösdals er fjallstindur allhár og fráskilinn Úlfsdalafjöllum að ofan af grunnum daladrögum, nefnist hann Snókur (31). Fram úr lægðinni norðan hans falla lækir tveir er sameinast neðan hlíðar og nefnast Snóksá (32). Fellur hún suður og niður utan engisins og meður merkjum. Milli lækja þessara í hlíðinni er melhöfði er nefnist Skjöldur (33) en gilin tveim megin hans Syðra-Skjaldargil (34) og Ytra-Skjaldargil (35) er nú telst merki. Austan í Snók eru og giljadrög þrjú. Nefnist hið ysta Ausa (36), þá hið lengsta, nokkuð innar, Hvítbergsgil (37) og litlu innar Moldgil (38). Þrjár eru taldar gangfærar leiðir þvert um hina bröttu hlíð Snóks, neðst Ausugata (39) þá Hvítbergsskeið (40) og efst Breiðaskeið (41), en Hvítberg (42) nefndist berghlein í hlíðinni þar sem samnefnd skeið og gil skerast.

Neðan hlíðar, suður frá Snóksá, eru og grundir þrjár efst í enginu. Nefnast þær Ystagrund (43), Miðgrund (44) og Syðstagrund (45). Upp frá Skarösdalsengi hefir hinn forni garður, sem getið er, legið þvert yfir dalmynnið og upp í hlíð Snóks. Sést til hans uns graslendi þrýtur. Við hann, utan Grísarár, hefir síðar verið byggður stekkur er nú nefnist Gamlistekkur (46). Er þar, einkum ofan garðsins, nokkuð lágra holta og



Snóksfélagar uppi á Snók

nefnist það svæði *Stekkjarkhólar* (47).

Vestan Snóks eru dælar miklar hið efra milli hans og háfjalla að vestan, er nefnast *Leirdalir* (48); falla úr þeim lækir tveir suður í Skarðsdal. Milli þeirra á brún dalsins er melhöfði allstór, nefndur *Miðhaus* (49), en lækirnir *Neðri-Miðhauslækur* (50) og *Efri-Miðhauslækur* (51). Sameinast þeir á dalnum ofan Stekkjarkhóla og mynda Grísará. Milli þeirra, neðan hlíðar, er grösug engjatunga, nefnd *Efri-Kottunga* (52) af sömu ástæðum og hin neðri. Upp frá tungunni og Skarðsdalshryggjum, sem og enda sunnan hennar, er allstórt svæði hólótt og mislent. Er neðri hluti þess grösugur svo flestir eru hólarnir grónir, enda nefndir *Grashólar* (53), og hlíðin norðvestan þeirra *Grashólabrúnir* (54). Innan til úr þessum hólum kemur *Grashólalækur* (55), hefir fallið í Skarðsdalsá, en verið leiddur niður Skarðsdalshryggi og allt heim að báðum býlunum, sem getið er. Innan til á Grashólum eru steinar tveir stakir, stendur hinn stærri allhátt og nefnist *Grásteinn* (56), hinn austar og lægra á hól litlum, nefndur *Könnusteinn* (57) af lögun sinni. Innri hluti hóla þessara er miður grösugur og nefnist *Þvergilsbalar* (58) því innan þeirra er *Þvergil* (59), liggur frá norðvesturhlíð að Skarðsdalsá, sem hvarvetna fylgir suðurhlíð dalsins og þvert því um hina gömlu þjóðleið. Innan þess eru melbungur nokkrar lágur, nefndar *Þvergilsöldur* (60).



Skarðdalsvík

Ofan við upptök Þvergils gengur hæðatangi nokkur frá Úlfsdalafjöllum lækkandi og hverfandi suður í dalinn. Verður því botn hans sem hvarf eður afvik nokkurt ofan þessa hæðatagls er nefnist *Siglufjarðarháls* (61); er suður frá enda hans við veginn steinn allstór nefndur *Kirkjusteinn* (62). Nokkuð vestar við veginn niður frá Siglufjarðarskarði er *Skarðshóll* (63). Austan Þvergilsalda kemur aðalkvísl Skarðsdalsár sunnan úr hvolfi því er syðst gengur af dalnum og nefnist *Skarðdalsvík* (64). Er það hinn syðri botn hans og skilja þá hæðir nokkrar og fjallshnjúkur sá er *Skarðshnjúkur* (65) nefnist, en sunnan hans og norðan eru eggþunnir hryggir sem saman tengja háfjöllin og skilja botna Skarðsdals og Hraunadals (að vestan); er norðan hnjúksins Siglufjarðarskarð en sunnan *Afglapaskarð* (66). Er ýmsum hætt að villast í það er að vestan kemur þá dimmt er og fannir því líkar. Eru þar uppgöngur en afgangur þykja það ill, því lítt fært er að austan. Uppi á ytri hryggnum, sunnan götu, er klettabrick ein að norðan hnjúksins er nú nefnist *Altari* (67). Mun nafn þetta hafa færst á brík þessa nýlega þá hrúnið var og horfið „grjótaltari“ það er þar var „byggt“ 1735, þá fram fór hin fræga athöfn hér, bænir og vígsla, sakir hræðslu íbúa þessara byggða við ofsóknir hulinna vætta á leið þessari og víðar, er þá gekk svo úr hófi að heftar voru samgöngur að mestu. Varð hér þá til óheyrðra ráða að taka og var fjölmenni hér saman stefnt enda trúðu menn því hér að nokkuð væri óhættara síðan. Lifði þó enn í þeim kolum og bænir



Sól og snjór í Skarðsdal

voru hér fluttar svo lengi, að vel muna það miðaldra menn. Nokkuð út frá skarðinu er á hinum hækkandi fjallhrygg lítið skarð, nefnt *Steindyr* (68). Nokkuð utar hæsti tindur Úlfsdalafjalla, *Illviðrahnjúkur* (69), og suðaustan hans urðarhvolf nokkur, *Illviðraskálar* (70).

¹ „...sennilega 1924“ (*Frá Hvanndölum til Úlfsdala* II, bls. 545).

² Þar var búið til 1918 (sbr. *Frá Hvanndölum til Úlfsdala* II, bls. 568).

³ 1858-1859 (skv. *Frá Hvanndölum til Úlfsdala* II, bls. 589-590).

Stafsetningu hefur verið breytt af Örnefnastofnun. [Handrit fannst ekki. HPB.]

Stafrófsröð örnefna Skarðsdalur

- A -**
 Afglapaskarð 66
 Altari 67
 Ausa 36
 Ausugata 39
- B -**
 Bergsgerði 22
 Bóndateigur 17
 Breiðaskeið 41
- D -**
 Dagsláttá 13
- E -**
 Efri-Kottunga 52
 Efri-Miðhauslækur 51
- F -**
 Fiskholt 25
- G -**
 Gamlistekkur 46
 Grafargerði 15
 Grashólabrúnir 54
 Grashólalækur 55
 Grashólar 53
 Grásteinn 56
 Grísará 6
 Gægir 12
- H -**
 Haraldarholt 30
 Háagerði 14
 Hesthúshóll 18
- Hvítberg 42
 Hvítbergsgil 37
 Hvítbergsskeið 40
 Höfðingjalaut 26
- I -**
 Illviðrahnjúkur 69
 Illviðraskálar 70
- K -**
 Kirkjusteinn 62
 Kjóaholt 28
 Kottunga, Efri- 52
 Kottunga, Neðri- 29
 Kvíahóll 19
 Könnusteinn 57
- L -**
 Leirdalir 48
 Leyningsá 4 = 3
- M -**
 Miðgerði 20
 Miðgrund 44
 Miðhaus 49
 Miðhauslækur, Efri- 51
 Miðhauslækur, Neðri- 50
 Moldgil 38
- N -**
 Neðri-Kottunga 29
 Neðri-Miðhauslækur 50
 Neðstagerði 21
- S -**
 Siglufjarðarháls 61
 Siglufjarðarskarð 1
 Sjónarhóll 27
 Skarðsdalsá 3 = 4
 Skarðsdalsengi 7
 Skarðsdalseyrar 8
 Skarðsdalsgarður 10
 Skarðsdalshryggir 5
 Skarðsdalskot 11
 Skarðsdalsmýrar 9
 Skarðsdalsvik 64
 Skarðsdalur 2
 Skarðshnjúkur 65
 Skarðshóll 63
 Skarðsvegur 24
 Skjaldargil, Syðra- 34
 Skjaldargil, Ytra – 35
 Skjöldur 33
 Snóksá 32
 Snókur 31
 Steindyr 68
 Steinkerling 16
 Stekkjarhólar 47
 Syðra-Skjaldargil 34
 Syðstagrund 45
- Y -**
 Ystagrund 43
 Ytra-Skjaldargil 35
- Þ -**
 Þórðargerði 23
 Þvergil 59
 Þvergilsbalar 58
 Þvergilsöldur 60